Afmæli

DV

Stefán Halldórsson


Stefán Halldórsson.

Stefán Halldórsson múrarameistari, Eyrarlandi 20, Akureyri, er áttatíu og fimm ára í dag. Stefán er fæddur í Garði í Mývatnssveit og lauk sveinsprófi í múraraiðn 1928. Hann vann við þá iðn sem múrarameistari á Akureyri og var lengi verkstjóri hjá Kaupfélagi Eyfirðinga. Stefán var húsvörður í Tónlistarskólanum á Akureyri til 1988. Hann hefur verið í Karlakórnum Geysi frá 1928 og syngur enn með „Gömlum Geysisfélögum", einnig er hann í Kór aldraðra á Akureyri. Stefán starfaði einnig með Leikfélagi Akureyrar í nokkur ár og er heiðursfélagi í Múrarafélagi Akureyrar. Fyrri kona Stefáns var Bára Lyngdal Magnúsdóttir, f. 15. janúar 1908, d. 2. júlí 1944. Börn Stefáns og Báru eru Magnús, f. 2. nóvember 1936, barnalæknir á Akureyri, fyrri kona hans er Gerður Ólafsdóttur, hjúkrunarfræðingur, börn þeirra eru: Ólafur, f. 5. nóvember 1962, múrari, kvæntur Örnu Arnardóttur, börn þeirra eru: Arnar, f. 1985 og Sindri Már, f. 1988; Bára Lyngdal, f. 3. júlí 1964, leikari, sonur hennar er: Þengill Þrastarson, f. 1988; Brynja, f. 8. júlí 1971; Stefán, f. 5. október 1975; Magnús, f. 5. október 1975; seinni kona Magnúsar er Sigríður Jónsdóttir læknaritari. Bára, f. 9. maí 1944, skrifstofustjóri Flugfélags Norðurlands, Akureyri, gift Gunnari Tryggvasyni bílasala, þau skildu, synir þeirra eru: Stefán, f. 10. júlí 1969, og Tryggvi, f. 18. september 1973. Seinni kona Stefáns er: Brynja Sigurðardóttir, f. 28. september 1919. Dætur Stefáns og Brynju eru: Ingibjörg, f. 21. maí 1948, ritari, gift Smára Sigurðssyni, múrarameistara, börn þeirra eru: Agnes, f. 7. september 1967, læknanemi, sambýlismaður hennar er: Davíð Stefánsson stjórnmálafræðinemi, Anna Brynja, f. 20. júní 1972, og Magnús Smári, f. 8. janúar 1985; Sigríður, f. 5. maí 1953, hjúkrunarfræðingur í Svíþjóð, gift Tommy Asp vélvirkja, dætur hennar eru: Gerður Olofsson, f. 15. febrúar 1972, alin upp hjá Stefáni og Brynju, Charlotta Asp, f. 9. júní 1981, og Súsanna Asp, f. 20. desember 1983; Hrafnhildur, f. 4. október 1955, fóstra og kaupmaður á Akureyri, gift Kára I. Guðmann kaupmanni, synir þeirra eru: Róbert, f. 17. ágúst 1978, og Brynjar, f. 9. maí 1983, og Halldóra, f. 17. febrúar 1962, ritari, gift Grími Laxdal, starfsmanni hjá Vör. Systir Stefáns var Anna, f. 5. júní 1902, d. 21. maí 1975.

Foreldrar Stefáns eru: Halldór Stefánsson, b. í Garði í Mývatnssveit, og kona hans, Ingibjörg Lýðsdóttir. Halldór var sonur Stefáns, b. í Haganesi, Gamalíelssonar og konu hans, Bjargar Helgadóttur, b. á Skútustöðum, Ásmundssonar, ættföður Skútustaðaættarinnar. Ingibjörg var dóttir Lýðs, b. og hreppstjóra á Skriðnesenni í Bitrufirði, Jónssonar og konu hans, Önnu Magnúsdóttur. Stefán verður að heiman í dag.

Guðrún Tryggvadóttir


Guðrún Tryggvadóttir.

Guðrún Tryggvadóttir, Þursstöðum, Borgarhreppi, Mýrasýslu, verður sjötug á morgun. Guðrún er fædd á Þórshöfn á Langanesi og var í námi í húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Hún lærði síðan kjólasaum og er kjólameistari. Guðrún giftist 1942 Helga Jónassyni, f. 5. maí 1906, b. á Þursstöðum. Foreldrar Helga voru: Jónas Helgason, b. á Þursstöðum, og kona hans, Guðrún Þórðardóttir. Börn Guðrúnar og Helga eru: Helgi Jónas, f. 9. apríl 1947; Guðrún Magnea, f. 28. apríl 1947, og Þórunn, f. 9. desember 1951. Uppeldisdóttir Guðrúnar og Helga er Lilja Bára, f. 1. júní 1952. Systkini Guðrúnar, sem komust upp, eru: Alfreð, f. 1915; Sigfús, f. 1923; Helga, f. 1924; Jakob, f. 1926; Ólafur, f. 1929; Sverrir, f. 1930; Ingólfur, f. 1934, og Signý, f. 1936.

Foreldrar Guðrúnar voru: Tryggvi Sigfússon, sjómaður og útgerðarmaður á Þórshöfn, og kona hans, Stefanía Sigurbjörg Kristjánsdóttir. Tryggvi var sonur Sigfúsar Jónssonar pósts og konu hans, Guðrúnar Guðmundsdóttur.

Stefanía var dóttir Kristjáns Jakobssonar á Svínabökkum í Vopnafirði, Sveinssonar, b. í Vatnadalsgerði, Jónssonar, b. á Þorvaldsstöðum á Tjörnesi, Árnasonar, b. á Grímsstöðum, Jónssonar, b. í Hólsseli á Fjalli, Sigurðssonar, b. í Hólsseli, Sigurðssonar. Móðir Sigurðar var Sesselja Gunnlaugsdóttir, prests í Möðrudal, Sölvasonar, og konu hans, Ólafar Jónsdóttur. Móðir Stefaníu var Signý Sigurlaug Davíðsdóttir, vinnumanns í Höfn á Langanesströndum, Sigmundssonar, b. á Bakka á Tjörnesi, Sigfússonar, b. á Bakka, Þorlákssonar, b. á Klömbrum í Aðaldal, Guðmundssonar, b. á Birningsstöðum í Laxárdal, Þorlákssonar, b. á Halldórsstöðum, Björnssonar b. á Laxamýri, Magnússonar, lögréttumanns í Djúpadal í Eyjafirði, Árnasonar.

Móðir Björns var Þuríður Sigurðardóttir, officíalis á Grenjaðarstað, Jónssonar, biskups og skálds á Hólum, Arasonar. Móðir Davíðs var Ólöf Stefánsdóttir tvíbreiðs Kvæða-Stefánssonar (bróður Galdra-Þorgeirs), Stefánssonar, b. í Skógum í Hörgárdal, Jónssonar, b. á Steinsstöðum í Öxnadal, Einarssonar, prests á Myrká, Magnússonar, prests á Sauðanesi, Ólafssonar, prests og skálds á Sauðanesi, Guðmundssonar. Móðir Signýjar var Guðrún Jónsdóttir, b. á Langanesi, Steinmóðssonar, b. í Skoruvík, Torfasonar, b. í Hlíð, Illugasonar, b. á Ytra-Lóni, Bjarnasonar, b. á Ytra-Lóni, Sæmundssonar, b. á Skálum, Jónssonar, prests og skálds í Presthólum, Bjarnasonar.

Menning

Jarðbundin verk og loftkastalar


Jón Axel og Sóley Eiríksdóttir á sýningu sinni.
DV-mynd Brynjar Gauti

Það er undarleg tilfinning sem fylgir því að labba hornanna á milli í austursal Kjarvalsstaða.

Öðrum megin í salnum eru myndlengjur eða bekkir Jóns Axels, í hæsta máta huglæg verk. Hinum megin eru konumyndir Sóleyjar Eiríksdóttur, eins gegnheilar og jarðbundnar og hugsast getur. Að hverfa frá Jóni til Sóleyjar er eins og að ganga á vegg.

Að sínu leyti staðfesta þessar sýningar það sem mig hefur ævinlega grunað, það er að konur einbeiti sér yfirleitt að því að moða úr því sem er áþreifanlegt, „hér og nú", en karlmenn eru gjarnir á að byggja sér loftkastala.

En þetta er sannarlega útúrdúr.

„Loftkastalar" Jóns Axels, fjórir að tölu, eru sannarlega bæði margræð verk og metnaðarfull. Sjálfur tel ég mig tæplega vera þess umkominn að brjóta til mergjar þær hugmyndir sem liggja að baki þeim, tæpi því aðeins á nokkrum atriðum sem vert er að hafa í huga við skoðun þeirra.

Þetta eru í fyrsta lagi lengri verk en Jón Axel hefur áður gert, sem þýðir meðal annars að í stað þess að byggja upp rismikla þungamiðju stílar hann upp á ákveðið ferli, sem áhorfandinn getur gripið niður í þar sem honum sýnist og rakið í hvora áttina sem hann vill.

Mannlaus verk

Í annan stað er enga mannveru að finna í þessum umfangsmiklu verkum. Þó finnur áhorfandinn mjög sterkt fyrir mannlegri nálægð í þeim hversdagslegu gripum, aðallega ílátum sem listamaðurinn dreifir um myndflötinn. Og ekki aðeins mannlegri, því ílátin: kaleikur, könnur og matardiskar, skírskota beinlínis til píslarsögunnar. Því er út af fyrir sig vel við hæfi að sýningin skuli standa yfir akkúrat nú.

Þó hefur listamaðurinn látið hafa eftir sér að hann sé ekki að mála trúarlegar myndir, heldur myndir um trú, og þá helst trúarleg tákn.

Sjálfur efniviðurinn í myndunum, krossviður og stálplötur, virðist virkjaður í þágu þessarar óvanalegu rannsóknar. Til dæmis er „næturmyndin" 7 nætur eingöngu úr blásvörtum stálplötum, en í kvöldmáltíðarmyndinni 13 diskar eru krossviðar- og stálplötur á víxl, óefað af góðum og gildum ástæðum.

Uppsöfnuð helgi

Við skoðun þessara verka kemur í ljós að vegna sinnar uppsöfnuðu helgi geta ílátin/táknin í raun komið í stað hins mannlega drama. Ílátin/táknin kveikja hina stóru myndfleti til lífs engu síður en þær kröftugu mannverur sem Jón Axel málaði áður af svo mikilli innlifun. Og það sem meira er, ílátin/táknin gera okkur að beinum þátttakendum í hinni dramatísku framvindu – öfugt við hinar máluðu mannverur, sem tóku á sig syndir okkar áhorfendanna.

Það verður spennandi að fylgjast með framvindu þessarar hugmyndafræði í verkum Jóns Axels.


Skúlptúrar Sóleyjar verða stöðugt hnitmiðaðri í forminu og skilvirkari í skírskotunum sínum. Þeir eru í senn erkitýpískir og nýsmíði(konkret), tignarlegir og glaðhlakkalegir.

Á sýningu hennar er varla veikan punkt að finna.

-ai.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson


Dieter Roth.

Dieter Roth

Dieter Roth myndlistarmaður, búsettur á Bala í Mosfellsbæ og Basel í Sviss, er sextugur í dag. Börn hans og tengdabörn bjóða þeim sem vilja vera með á afmælishópmynd til hans að koma saman við Listasafn Einars Jónssonar stundvíslega kl. 17 í dag, laugardag.

Til hamingju með laugardaginn

75 ára

Bessi Guðlaugsson,
Bústaðavegi 65, Reykjavík.

70 ára

Kristján Valdimarsson,
Böðvarsnesi, Hálshreppi.

60 ára

Sigurjón Valberg Jónsson,
Vallargötu 27, Miðneshreppi.

50 ára

Gunnar Gunnarsson,
Engihlíð 6, Ólafsvík.
Josepha van Peer,
Stigahlíð 63, Reykjavík.
Ragnar Christiansen,
Þórsmörk 3, Hveragerði.

40 ára

Ólafur Örn Thoroddsen,
Bjargarstíg 15, Reykjavík.
Sigrún Hannibalsdóttir,
Hrafnhólum 8, Reykjavík.
Jóna Magnúsdóttir,
Vesturvallagötu 6, Reykjavík.
Hólmfríður Guðjónsdóttir,
Holtabrún 17, Bolungarvík.
Þorgils Sigurþórsson,
Stillholti 5, Akranesi.
Gunnar E. Guðmundsson,
Marklandi 4, Reykjavík.
Kristinn Bjarnason,
Höfðabraut 14, Akranesi.
Ólöf María Olsen,
Miðvangi 8, Hafnarfirði.